

Sjóvá – Árshlutauppgjör

5.179 m.kr. hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins 2021

Annar ársfjórðungur 2021

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 589 m.kr. (2F 2020: 213 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 2.716 m.kr. (2F 2020: 1.466 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 3.114 m.kr. (2F 2020: 1.538 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 6,1% (2F 2020: 4,8%)
- Samsett hlutfall 91,2% (2F 2020: 96,8%)

6M 2021 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.145 m.kr. (6M 2020: 398 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 4.368 m.kr. (6M 2020: 914 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 5.179 m.kr. (6M 2020: 1.072 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 10,1% (6M 2020: 4,6%)
- Samsett hlutfall 91,3% (6M 2020: 97,7%)
- Horfur fyrir árið 2021 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 92% (óbreytt) og að hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.200 m.kr. (var 2.100 m.kr.)
- Horfur til næstu 12 mánaða (3F 2021 – 2F 2022) gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði um 2.500 m.kr. (var 2.200 m.kr.) og samsett hlutfall um 91% (var 92%).
 - Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi alla jafna um 5% á ársgrundvelli til lengri tíma án vaxtatekna af viðskiptakröfum miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu félagsins.
 - Miðað við ávöxtun fjárfestingareigna það sem af er ári má vænta að ávöxtun nemi um 13,5% á árinu 2021.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins nam 5.179 m.kr. og er að stórum hluta tilkominn vegna góðrar ávöxtunar á eignasafni félagsins sem nam 10% á tímabilinu. Þróun á eignamörkuðum hefur verið hagstæð og langt umfram væntingar. Hafa þarf í huga að miklar sveiflur einkenna afkomu af fjárfestingarstarfsemi yfir lengri tíma.

Váttryggingareksturinn skilaði mjög góðri afkomu og einkenndist af áframhaldandi kröftugum iðgjaldavexti og hagstæðri tjónaþróun. Iðgjaldavöxtur nam 16% á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra en vert er að benda á að í fyrra var felldur niður einn gjalddagi í ökutækjatrýggingum einstaklinga sem nam 650 m.kr. Iðgjöld vaxa bæði á einstaklingsmarkaði og fyrirtækjamarkaði en þar sjáum við viðsnúning á milli fjórðunga og ára eftir samdrátt undanfarið. Iðgjaldavöxtur á fyrirtækjamarkaði er bæði tilkominn vegna nýrra viðskipta og ánægjulegrar þróunar hjá ferðaþjónustuaðilum þar sem sumarið fór vel af stað.

Fjárhagslegur styrkur félagsins hefur aukist umtalsvert í ljósi góðrar rekstrarafkomu auk þess sem varfærni hefur verið gætt við ákvörðun arðs. Í júlí var tilkynnt um að óskað hefði verið eftir heimild Fjármálaeftirlits Sí til lækkunar hlutafjár fyrir 2.500 m.kr. Tilgangur hlutafjárlækkunarinnar er að færa fjármagnsskipan að áhættuvilja stjórnar en gjaldþolshlutfallið var í lok tímabilsins 1,79 sem liggur fyrir ofan efri mörk áhættuviljans.

Horfum fyrir árið 2021 hefur verið breytt lítillega hvað varðar afkomu af váttryggingastarfsemi fyrir skatta úr 2.100 m.kr í um 2.200 m.kr. Einnig hefur horfum til næstu 12 mánaða verið breytt þannig að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verður um 2.500 m.kr í stað 2.200 m.kr. áður og samsett hlutfall um 91% í stað 92%.“

Kynningarfundur 17. ágúst kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5 og vefstreymi

Hermann Björnsson forstjóri mun kynna afkomu félagsins og er markaðsaðilum boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð kl. 16:15. Kynningunni verður jafnframt streymt beint á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-2f-2021/>. Vilji aðilar sem horfa á kynninguna í streymi bera upp spurningar sem tengjast uppgjörinu má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum

Fjárhagsdagatal

3F 2021 – 28. október 2021

4F 2021 – 10. febrúar 2022

Aðalfundur 2022 – 11. mars 2022

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur



	2F 2021	2F 2020	%	6M 2021	6M 2020	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	5.815	4.539	28,1%	11.378	9.823	15,8%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-251	-251	0,0%	-537	-571	-6,0%
Eigin iðgjöld	5.564	4.288	29,8%	10.841	9.251	17,2%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	49	42	16,7%	91	115	-21,2%
Aðrar tekjur	83	48	72,9%	130	97	33,1%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.696	4.379	30,1%	11.062	9.464	16,9%
Tjón tímabilsins	-4.051	-3.242	25,0%	-7.844	-7.427	5,6%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	41	84	-51,2%	109	396	-72,4%
Eigin tjón	-4.010	-3.158	27,0%	-7.735	-7.032	10,0%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.098	-1.007	9,0%	-2.182	-2.043	6,8%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-5.108	-4.165	22,6%	-9.916	-9.065	9,4%
Hagnaður af vátryggingarekstri	589	213	-	1.145	398	-
Fjárfestingastarfsemi						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	2.714	1.812	49,8%	4.424	1.782	-
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	106	-228	-	142	-574	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-103	-118	-12,7%	-197	-294	-33,0%
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	2.716	1.466	85,3%	4.368	914	-
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.305	1.679	96,8%	5.513	1.313	-
Tekjuskattur	-192	-142	35,2%	-335	-240	39,6%
Heildarhagnaður tímabilsins	3.114	1.538	-	5.179	1.072	-
Tjónahlutfall	69,7%	71,4%		68,9%	75,6%	
Endurtryggingahlutfall	2,7%	3,2%		3,2%	1,4%	
Kostnaðarhlutfall	18,9%	22,2%		19,2%	20,7%	
Samsett hlutfall	91,2%	96,8%		91,3%	97,7%	
Rekstrarhlutfall	90,0%	95,4%		90,1%	96,0%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	55,8%	36,8%		46,4%	12,8%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	59,3%	40,2%		49,4%	15,7%	
Hagnaður á hlut	2,37	1,15		3,94	0,80	
Niðurstaða endurtrygginga	-156	-146		-361	-139	
Vátryggingaskuld	34.312	31.494		34.312	31.494	
Heildareignir	67.502	56.658		67.502	56.658	
Eigið fé	23.256	17.116		23.256	17.116	
Gjaldþolshlutfall	1,79	1,56		1,79	1,56	
Lágmarksfjármagnshlutfall	4,47	3,93		4,47	3,93	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir annan ársfjórðung 2021 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 17. ágúst 2021. Árschlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.